

Viðbrögð við mengunarslysi á vatnsverndarsvæði

Hringja í 112

- Stöðva leka STRAX
- Koma í veg fyrir útbreiðslu

Fjarlægja mengaðan jarðveg í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og flytja hann á viðurkenndan móttökustað

Auk þess ber að upplýsa viðkomandi vatnsveitu



Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Neyðarnúmer: 516-6161

Veitur afla neysluvatns í Heiðmörk, vestanverðu Akrafjalli, Seleyri norðan Hafnarfjalls, Grábrókarhrauni, Svelgsárhrauni, Grund, Fossamelum, Steindórsstöðum og Bjarnarfelli.

Nákvæmar upplýsingar um staðsetningu vatnsverndarsvæða er hægt að finna í LUKSJÁ (<https://lukor.or.is/lukor/>) ef hakað er í „Vatnsverndarsvæði“ í þekjuleit.

Reglur um umgengni á vatnsverndarsvæðum eru mismunandi milli landsvæða. Á höfuðborgarsvæðinu ber að hlíta reglum [samþykktar nr. 555/2015](#) og á Suðurlandi gildir [samþykkt nr. 326/2002](#). Á Vesturlandi er ekki í gildi sérstök vatnsverndarsamþykkt.

Verktökum sem vinna fyrir Veitur innan vatnsverndarsvæða ber að fylgja eftirfarandi reglum í þeim tilgangi að draga úr mengunarslysum. Ef verktaki hlítir þeim ekki verður leitað til annars um þjónustu.

Öryggisreglur fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði í rekstri Veitna

Markmið með öryggisreglunum er að tryggja verndun grunnvatns og að gæði neysluvatns uppfylli ávallt kröfur. Reglurnar gilda um starfsfólk og verktaka sem starfa á vegum Veitna en eiga einnig við um aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæðin með vélar og farm sem geta spillt grunnvatni. Reglurnar byggja á vatnsverndarsamþykkt höfuðborgarsvæðisins (555/2015).

Undirbúningur og tilkynningaskylda

Áður en framkvæmd hefst á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins þarf að:

- Leggja fram áhættumat vegna öryggis neysluvatnsöflunar.
- Útvega starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd (á ekki við um Vesturland).
- Senda tæki og bíla sem leið eiga um vatnsverndarsvæðin í lekaskoðun hjá viðurkenndum skoðunaraðila.

Flutningur varasamra efna

Ef flytja á olíu eða önnur vatnsspillandi efni um vatnsverndarsvæði þarf að:

- Gera áhættumat vegna öryggis neysluvatnsöflunar.
- Fá samþykki Veitna fyrir flutningnum.
- Skipuleggja flutning olíu- og efnaflutninga með Veitum
- Tryggja fylgd með flutningi.
- Velja hagstæð skilyrði, t.d. er tengjast aðstæðum, færð og veðri.
- Velja öruggustu leiðina inn og út af svæðinu.
- Ef áætlað magn varasamra efna er 1000 lítrar eða meira er óheimilt að vera með umframmagn sem nemur meira en 10 % af áætluðu magni.

Fylgdarmanni er heimilt að fresta fylgd ef aðstæður, færð eða veður geta valdið slysi.

Framkvæmd

Við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum gildir:

- Verktakar geyma olíu og önnur varasöm efni í samræmi við kröfur starfsleyfis og/eða verksamnings.
- Verktakar skulu nota hrein tæki í góðu ástandi. Verktakar og verkkaupi hafa daglegt eftirlit með að ekki stafi af þeim mengunarhætta, t.d. vegna leka á olíu eða öðrum efnum.
- Óheimilt er að gera við tæki að á vatnsverndarsvæði, sem valdið geta mengun.
- Verktakar þurfa að hafa tiltækan mengunarvarnarbúnað á meðan á framkvæmd stendur og ber að kynna sér notkun búnaðarins fyrir upphaf verksins.
- Verktakar endurskoða daglega áhættumat og viðbragðsætlun m.t.t. vatnsverndar.
- Verktakar skulu hafa farsíma eða samsvarandi búnað þannig að unnt sé að tilkynna tafarlaust um öll slys á vatnsverndarsvæðum.
- Heilbrigðiseftirlit fer yfir áhættumat með verktökum áður en framkvæmdir hefjast og hefur eftirlit með framkvæmd verksins (á ekki við um Vesturland).
- Verktakar skulu lagfæra jarðrask að framkvæmdum loknum.

Úr samþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins (Nr. 555/2015)

Brunnsvæði

8. gr. Brunnsvæði skal algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð, framkvæmdum og starfsemi annarri en þeirri, sem nauðsynleg er vegna vatnsveitunnar. Vatnsból og mannvirki skulu afmörkuð með girðingu eða öryggi tryggðu á jafngildan hátt.

9. gr. Vatnsveitur afla starfsleyfis hjá heilbrigðisnefnd. Vatnstaka og dreifing er á ábyrgð viðkomandi vatnsveitu.

10. gr. Afla þarf leyfis heilbrigðisnefndar til verklegra framkvæmda og skal við þær framkvæmdir farið eftir ákvæðum samþykktarinnar. Heilbrigðisnefnd skal setja sértæk starfsleyfisskilyrði eftir því sem við á. Ef um er að ræða nauðsynlegar framkvæmdir vegna vatnsveitu umfram hefðbundna vinnu við hana skal framkvæmdaaðili leggja fram áhættumat vegna hættu á mengun grunnvatns áður en framkvæmdir hefjast.

11. gr. Geymsla á olíu eða efnavörum er óheimil innan brunnsvæðis nema í skamman tíma og skal sérstaklega getið um slíkt í tímabundnu starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

12. gr. Salerni og þvottaaðstaða á brunnsvæði er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Skólpi frá slíkri aðstöðu skal veitt í safntank sem tæmdur skal reglulega. Utan um tank og leiðslur skal vera viðurkennd lekavörn með góðri aðstöðu til vöktunar. Ennfremur skal flutningsaðili sem annast tæmingar hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

13. gr. Um girðingar, mannvirki, búnað, framkvæmd vinnu, meðferð varasamra efna, viðbragðs-áætlanir vegna mengunaróhappa og umhirðu og frágang mannvirkja skal fjallað nánar í starfsleyfi viðkomandi vatnsveitu og í innra eftirliti.

14. gr. Tæki sem knúin eru jarðefnaeldsneyti skulu hafa staðist lekaskoðun.

Grannsvæði

15. gr. Á grannsvæði eru framkvæmdir og starfsemi sem ógnað geta öryggi vatnsöflunar bönnuð. Önnur landnot eru einkum til útivistar enda falli þau not að forsendum vatnsverndar.

16. gr. Óheimilt er að skipuleggja íbúðarbyggð, frístundabyggð eða atvinnustarfsemi á grannsvæðinu sem ekki fellur að 15. gr. Óheimilt er að leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.

19. gr. Vegagerð og viðhald vega á svæðinu er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar sem setur nánari skilyrði um mengunarvarnir vegna framkvæmdanna. Leyfið skal ná til efna sem nota á í vegstæði og til gerðar slitlags sem skal vera steinsteypa eða malbik. Það skal ennfremur ná til mengunarvarna svo sem olíunotkunar og lekaskoðana á tækjum, til tímasetningar framkvæmda, staðsetningar vinnubúða og annarra atriða er málið kann að varða.

30. gr. Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Í leyfi nefndarinnar skal kveðið á um gerð, viðhald, hreinsun og eftirlit með búnaðinum. Þar sem rotþró með viðeigandi siturlögn er ekki nægjanleg mengunarvörn að mati heilbrigðisnefndar skal koma fyrir safntanki á fráveitulögn eða hafa þurrsalerni. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.

22. gr. Utanvegaakstur er óheimill á grannsvæðum nema vegna bráðra öryggismála, sbr. 20. gr., eða þess er getið sérstaklega í tímabundnum starfsleyfum vegna verklegra framkvæmda þegar hjá öðru verður ekki komist.

25. gr. Rekstraraðili áformaðra framkvæmda verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar og að engin hættu sé á mengun. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar, að undangengnu áhættumati, áður en framkvæmdir hefjast. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita tímabundin starfsleyfi vegna rannsókna er tengjast nýtingu svæðisins.

32. gr. Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum er óheimil nema það sé tiltekið í tímabundnu starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna

34. gr. Við viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. skal gætt sérstakrar varúðar við notkun varasamra efna, svo sem fúavarnarefna, olíuefna og annarra sambærilegra efna.

Fjarsvæði

44. gr. Allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á fjarsvæðum skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og að engin hættu sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast.

45. gr. Á fjarsvæði er óheimilt að staðsetja mengandi starfsemi án samþykktar heilbrigðisnefndar og skal starfsleyfi ekki veitt nema að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki, starfsemin sé í samræmi við skipulagsáætlanir og önnur ákvæði samþykktar þessarar.

47. gr. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs

50. gr. Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum er óheimil nema það sé tiltekið í starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.

54. gr. Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.